



Gjaldskrá Vatnsveitu

fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Strandabyggð 2020

1. gr. Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Strandabyggð sem tengdar eru vatnsveitu Strandabyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr. Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Vatnsgjald er ekki lægra en kr. 30.775.- og ekki hærra en kr. 41.235.- af íbúðarhúsnæði. Vatnsgjald fer þó ekki yfir 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.

3. gr. Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjald dagar fasteigna gjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum

4. gr. Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisparfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Þar sem ekki eru mælar er stjórn vatnsveitu heimilt að áætla notkun.

Aukavatnsgjald fyrir hvern m³ að 100.000 m³ er kr. 24.

Afsláttur til stórnotenda frá 100.000 m³ að 250.000 m³ er 20%

Afsláttur til stórnotenda frá 250.000 m³ er 40%.

5. gr Mælaleiga.

Greiðendur aukavatns gjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatns-mælum sem hér segir

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
25 - 31 mm	6.385,- kr.
32 - 39 mm	8.905,- kr.
40 - 49 mm	14.085,- kr.
50 - 74 mm	21.845,- kr.
75 mm og stærri	39.510,- kr.

6. gr. Breytingar á gjöldum

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. grein er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu 14. febrúar 2012 og breytast samkvæmt henni árlega 1. janúar ár hvert. Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANNDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

7. gr. Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús - og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl.1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitar-félaga nr. 32/2004 og gildir frá 1. janúar 2020. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Strandabyggð.

*Samþykkt af sveitarstjórn 12. Desember 2019
Gjaldskrá tekur gildi 1. Janúar 2020*